



Fundargerð

Boðandi Hjalti Jón Guðmundsson
Staðsetning TEAMS

Dagsetning 19.02.2024
Tími 09:30 – 10:45
Málsnúmer MAR23110130

Boðuð Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir og Sigurgeir Bárðason

Þátttakendur Allir mættir

22. fundur Umhverfissjóðs sjókvíaeldis

1. Fundargerð síðasta fundar

Stjórn samþykkti fundargerð síðasta fundar

2. Auglýsing ársins 2024

Stjórn samþykkti auglýsingu ársins 2024 svohljóðandi:

„Umhverfissjóður sjókvíaeldis auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna og verkefna sem styðja við markmið sjóðsins um lágmörkun umhverfisáhrifa af völdum sjókvíaeldis, samkvæmt reglugerð nr. 874/2019 um Umhverfissjóð sjókvíaeldis. Til úthlutunar á árinu 2024 eru kr. 185.700.000,-.

Stofnanir, fiskeldisfyrirtæki, einstaklingar og lögaðilar geta sótt um styrki til sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að greiða kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats og vöktunar. Sjóðurinn getur jafnframt greitt kostnað við önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður eftir því sem fjármagn leyfir. Verkefnum er forgangsraðað í samræmi við framangreint hlutverk og áherslur stjórnar hverju sinni.

Stjórn sjóðsins leggur faglegt mat á allar umsóknir, forgangsraðar verkefnum og ákveður styrkfjárhæð, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 874/2019. Við úthlutun ársins 2024 mun stjórn hafa lögbundið hlutverk sjóðsins til grundvallar úthlutunar, en auk þess líta sérstaklega til verkefna er líta að aðgerðum til að koma í veg fyrir stök eldisfiska og lágmarka afleiðingar þess.

Sjóðurinn upplýsir á vef sínum: www.umsj.is um styrki sem sjóðurinn veitir, þar sem fram komi upplýsingar um nafn viðtakanda, fjárhæð styrkja og heiti verkefnis og markmið. Vakin er athygli á því að loka- og framvinduskýrslur verkefna sem sjóðurinn styrkir skulu almennt vera aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins, sbr. starfsreglur stjórnar. Aðrar upplýsingar í umsóknum er varða fjárhag eða viðskiptahagsmuni umsækjenda og annarra einstaklinga og lögaðila er tengjast verkefnum á vegum sjóðsins skulu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál að því marki sem lög takmarka ekki.“



Fundargerð

Stjórn fól starfsmanni að setja auglýsinguna á vef sjóðsins þegar að búið væri að senda út svarbréf skv. dagskrárlið 3

3. Svarbréf

Stjórn fjallaði um drög að tveimur svarbréfum sem starfsmaður og formaður höfðu unnið að. Annars vegar er um að ræða bréf til Jóhannesar Sturlaugssonar og RORUM. Formaður stjórnar sendir stjórnarmönnum bréfin sem beðnir er um að yfirfara þau, koma með tillögur að breytingum. Að loknu samþykki allra stjórnarmanna mun starfsmaður senda bréfin út.

Næsti fundur

4. mars 2024, 09:00-12:00, Borgartún 26.